

Stjórn Samfélagssjóðs Fljótsdals



Fundur nr. 21. Mánudagur 27.01.2025

Fundarstaður: Fundur í Teams, kl. 10:00

Mætt eru: Jóhann F. Þórhallsson, Þórhallur Jóhannsson, Arna Björg Bjarnadóttir, Brynjar Darri Sigurðsson Kjerúlf og Páll Baldursson.

Dagskrá

1. Verkaskipting stjórnar
2. Tilkynning um breytingu á stjórn og prókúru.
3. Færsla á bókhaldi sjóðsins og ársreikningur 2024
4. Starfsemi sjóðsins 2025
5. Ársfundur 2025
6. Önnur mál

1. Verkaskipting stjórnar

Samþykkt samhljóða að Jóhann Þórhallsson sé formaður stjórnar og Páll Baldursson varaformaður.

2. Tilkynning um breytingu á stjórn og prókúru

Samþykkt samhljóða að prókúra á reikninga sjóðsins verði hjá formanni sjóðsins og sveitarstjóra Fljótsdalshrepps. Formanni og varaformanni falið að útbúa tilkynningar um breytingu á stjórn og prókúru og sjá um að senda á viðeigandi stofnanir.

3. Færsla á bókhaldi sjóðsins og ársreikningur 2024

Stjórn samþykkir að óska eftir að Ráðgjöf og lausnir/Unnur Dagsdóttir taki að sér færslu bókhalds sjóðsins en félagið sér einnig um þá þjónustu fyrir Fljótsdalshrepp.

4. Starfsemi sjóðsins 2025

Rætt var um starfsemi sjóðsins á árinu. Stjórn samþykkir að gera ekki ráð fyrir úthlutun úr sjóðnum á yfirstandandi ári.

5. Ársfundur 2025

Samþykkt að halda ársfund sjóðsins þriðjudaginn 15. apríl 2025 kl. 17:00 í Végarði.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki, fundi slitið kl. 11:00

Fundargerð ritaði Páll Baldursson